



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Keldnaholti, 112 Reykjavík, Sími 5806300, Símbref 5806301,

Netfang: veidimalastofnun@veidimal.is, Veffang: www.veidimal.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 7.1.2014

Veiðimálastofnun hefur fengið til umsagnar frumvarp um breytingar á lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum (ábyrgð félagsmanna í veiðifélögum) sem lagt hefur verið fyrir Alþingi. Þingskjal 246, 198. mál.

Breyting, sem lögð er í 1. grein frumvarpsins, er mjög þörf þar sem óraunhæft er að binda nýtingaráætlun við 8 ár út frá fiskifræðilegu sjónarmiði. Þetta er því þörf breyting.

Í 2. grein frumvarpsins er tryggt að félagsmenn veiðifélaga beri ekki persónulega ábyrgð umfram eigur þeirra í eignum veiðifélags. Skylduaðild veiðiréttarhafa er að veiðifélagi þar sem þeir nýta sameiginlega auðlindir, fiskistofnana. Því er þessi breyting á lögum mikilvæg og gerir þau skýrari. Í 3. grein er um lagfæringar að ræða sem gera lögin skýrari í framkvæmd.

Veiðimálastofnun styður því að frumvarpið verði að lögum.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðjónsson, forstjóri